



STARFSMANNASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

HJÁ UMHVERFISSTOFNUN ER...

- Unnið faglega að ráðningum í störf
Það er gert með vönduðum starfsauglýsingum, faglegri úrvinnslu umsókna, viðtölum og svarbréfum. Auk þess eru umsækjendur látnir vita ef tafir verða á ákvörðun um ráðningu.
- Tekið vel á móti nýju starfsfólki
Starfsaðstaða og tækjabúnaður er tilbúinn áður en starfsfólk hefur störf og hverjum nýjum starfsmanni er úthlutað faglegum og félagslegum leiðbeinanda við upphaf starfs.
- Lögð áhersla á að hver starfsmaður fái notið sín í starfi
Það er m.a. gert með árlegum starfsmannasamtölum, virkum starfslýsingum og skilvirkri verkaskiptingu.
- Hvatt til starfsþróunar og endur- og símenntunar
Gerðar eru endurmenntunar- og fræðsluáætlanir sem m.a. eru unnar upp úr starfsmannasamtölum.
- Leitast við að jafna vinnuálag
Það er gert með skilvirkri stjórnun sem felst í raunhæfri úthlutun verkefna og forgangsröðun þeirra.
- Starfsfólki skapaður ákveðinn sveigjanleiki í vinnutíma til að viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs
Í starfsmannahandbók er greint frá mörkum sveigjanlegs vinnutíma hjá stofnuninni. Ekki er farið fram á óhóflega yfirvinnu starfsfólks.
- Lögð áhersla á jafnrétti og er starfsfólki ekki mismunað á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar eða litarháttar
Í gildi við stofnunina verði virk og vel kynnt jafnréttisáætlun.
- Einelti eða kynferðisleg áreitni ekki liðin
Hverjum starfsmanni á að vera ljóst hvert hægt er að leita verði hann fyrir eða var við einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi.
- Lagt kapp á heilnæmt vinnuumhverfi og vinnuaðstöðu sem hentar þeirri starfsemi sem stofnunin sinnir og þörfum starfsfólks
Það er m.a. gert með reglulegum vinnustaðaúttektum.
- Hvatt til hreyfingar og heilbrigðs lífneris
Heimilt er að stunda líkamsrækt í hádegistímum auk þess sem stofnunin veitir sérstaka líkamsræktarstyrki.
- Lögð áhersla á góðan starfsanda
Haldnir eru fastir viðburðir s.s. árshátíð og jólaboð og starfsmannafélag stofnunarinnar er styrkt reglulega.
- Lögð áhersla á góð samskipti og miðlun upplýsinga
Öflug innri vefsíða, starfsmannafundur, stjórnendafundur, sviðsfundur og rekstrar- og/eða deildarfundir eru m.a. liðir í því að styrkja samskipti og miðlun upplýsinga.
- Fráfarandi starfsfólk er kvatt með virktum
Hver starfsmaður er kvaddur sérstaklega og boðið upp á starfslokasamtal

TIL AÐ FYLGJA STARFSMANNASTEFNUNNI EFTIR VERÐUR AÐ AUKI:

- Unnin stefnumiðuð starfsáætlun í starfsmannamálum
- Framkvæmd starfsánægjukönnun eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti
- Framkvæmt stjórnendamat eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti